



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi o.fl. (smásala áfengis). Þingskjal 110, 110. mál.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um fjölmiðla, með síðari breytingum (smásala áfengis).**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi ítreka fyrri umsagnir sínar<sup>1</sup> um málefnið og lýsa áfram yfir áhyggjum sínum varðandi ofangreint lagafumvarp.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á bestu mögulegu lífsskilyrðum og rétt á þeirri vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Skulu aðildaríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnslu.

Að mati Barnaheilla stríðir það gegn Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að auka frelsi varðandi áfengissölu. Aukin áfengisneysla er að mati samtakanna ekki börnum fyrir bestu og ákvörðun um smásöluverslun áfengis stríðir því gegn 3. gr. Barnasáttmálans, með vísan í allar fyrri umsagnir samtakanna um sambærilegt og sama mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora enn á þingmenn að segja nei við tillögu þessari um að einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu verði aflagt og að auglýsingar á áfengi verði leyfðar.

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/146/146-457.pdf>, <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-824.pdf>, <https://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-482.pdf>